Kemur út annanhv. Laugard. ekki minna en sex póst-pappírsark-ir í senn S.br. reglugjörð

# Sveitarblaðið

# Fjallfari

Uppsögn skrif-leg bundin-við sumar-mál. Ógild nema kom-in sé til út-nefndarinnar fyrir 25. April

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Árg. | 3. Hefti | 2 Blað | No 6 |

Veðramót Laugardaginn 23 Marz 1901

Ritnefnd:

Magnús Jónsson

Sigurður Björnsson

# Ferðasaga

Það var nú í mínu ungdæmi segja sum-
ar kerlingarnar þá sem komnar eru
á raupsaldurinn, þegar þær ætla að byrja
á einhverri dásamlegri skáldsögu um sig
eða sína ættmenn. Eg ætla nú ekki að
fara að sjóða saman mína skáldsögu. en um-
ungis að segja frá litlu æfintýri sem fyrir
mig kom á ungu árum mínum.

Eg var þá 18. vetra er þessi saga
gjörðist. Við Hrólfur faðir minn lögðum
út frá Björgvin í Noregi, og ætluðum norður
í Þrándheim til að vera þar við brúðkaup
~~dóttur~~ eldri systur minnar sem ætlaði að
ganga að eiga ríkan kaupmann. Við höfðum
dreka skip eitt mikið er faðir minn átti og
á því vel valið lið, enda þótti förin nýt ha-
all frítt. Okkur gekk ferðin vel í fyrst-
u er við komum norður í móts við Sogn-
fjörðinn brast á það suðaustan ólátaveður að ekkert stóðst
við því, og hrakti okkur þá fljótt undan
landi norður og vestur í haf; fiskibátarnir
sem voru á fiskimiðunum kringum hin

sæbrötta og hömrótta eyjar, sem svo mikið er-
af með fram ströndum Noregs, fóru að
hafa sig til land: hvar sem mögu legt var
og ætlaði sumum að ganga það full erfitt.
Nú var komið undir kvöld og við vor-
um komnir um 8 vikur undan landi
veðrið fór ekkert batnandi, ~~tindana gnæfa~~ hin ískald-
vinnþoka sem um morguninn hafði
hulið hina snæþöktu tinda Doffra- og Risa
fjallanna var nú öll horfin en fjalla tind-
arnir stóðu nú naktir, og líktust þyrping-
af ómarmara líkneskjum er maður sæi
í svo miklum fjarska. — Himininn var al-
þakinn dökkum skýjum sem vindur
einsog var að leika sér að, ýmist að þeyta
saman í þetta bólstra eða tæta í sundur
aftur. Skipið rak á reiðanum æ lengra
og lengra til hafs, en lán var það þó fyr-
ir okkur að veðrið stóð af landi, því hefði það
staðið af hafi hefði vindurinn kastað
okkur upp að ströndinni þar sem fullt
var af blindskerjum og boðum og þá hefð-
um við mátt eiga dauðann vísann; en þar sem

nú skipið dreif til djúps þá þurftum við ekki
að vera hræddir við grynningar, en þrátt
fyrir það hlökkuðum við lítið til næturinnar.
Um miðjann dag daginn eptir slotaði veðrinu
en í stað þess skall á svarta þoka, við vor-
um bidar stuns lausir og gekk því ekki vel að
halda í réttri leið. en er við um nokkur-
tíma höfðum farið villir vegar, kallaði
faðir minn úr lyftingu og bað að ~~stökka~~
~~skipið~~ seglin niður og kasta akkerum
því land væri á stjórborða; en ekki þótti
honum ráð að leggja að landi að svo stöddu
enda var nú dagur að kveldi kominn
Lágum við þar yfir nóttina en um morg-
uninn var þokunni birt upp og komið
bezta veður; sáum við þá að land þetta
sem við vorum til komnir mundi ekki
vera nein smá eyja, einsog við höfðum haldið.
Héldu nú sumir að við værum komnir
til norður hluta Skotlands, en aðrir álitu
að þetta mundi vera annað hvort stórt
eyland í norður hluta Atlands hafsins

sem Enskir múnkar höfðu fundið
á 8. öld enekki sekið ser þar bólfestu;
Háfjöll sá um við langt í suður með jökla
húfur á kollunum en er við höfðum um
stund siglt vestur með landinu spratt út
fyrir okkur fjörður einn mikil sem
lá til suðurs inn í landið, sigldum við
inn fjörðinn þar til við tókum land við ós
ár einnar er fell niður í fjörðinn innan
verðann að vestann. Faðir minn vildi
nú kanna land þetta því hann þóttist
nú verða mundi frægur fyrir landa
fundi. Hann gekk því á landupp með
nokkrum af mönnum sínum en sumir
urðu eptir til að gæta skipsins. Mér
varð nú reikað frá fjelögum mínum
og gekk upp með ánni vars mikla á
sem fell í stríðum straum niður
hið hömrótta gil sem hún um margar
þúsundir ára hafði verið að mynda með því að
grafa sig niður í gegnum hið hörðu
basaltslög. Eg settist niður til að virða

fyrir mer þetta víðsýni mikla fjalla hérað,
Aldrei hefi eg séð fegurra fjallendi en það er
nú blasti við mér, og sem alla sólin sá
upp ljómaði, hjarðir af sauðfé, hvorsem
geitum, nautum og fleirð dýrum dreifðu sér
um hinar grösugu hlíðar. Mörg býli sá eg
þar fram í dalnum sem með stórum
og reglulegum húsum sem snéu og óásjá
leg; eg skemmti mér við að horfa á allt þetta
enda virtist mér sem allt er fyrir augun
bar reyndi til að gjöra mér þessa stund sem
skemmtilegasta. Þegar eg sat þarna svo
undir hrifinn af fegurð náttúrunnar
varð mér ósjálfrátt litið við sé eg þá
hvar maður gengur til mín hann er að
sjá innan við tvítugt fríður sínum, vel
vaxinn og upplits djarfur og karlmann
legur á velli; hann var al vopnaður og
með hjálm á höfði, skjöld í vinstri hendi
hann var í spanga brinju og gyrður mikla
sverði. Þegar við hittumst heilsaði hún
hann mér og spurði mig hvernin staði á því

ad eg væri hér kominn og hverrar þjóðar eg
væri. hvað eg héti og svo fr. v. og sagði eg
honum af hið sanna, og síðan spurði eg
hann hvað hann hjetti, hann hvaðst heita
Þórarinn, og vera til mín kominn
til að biðja mig að veita sér liðveitslu
gegn víkingum sem í kvöld væru væntan-
legir í bæ föður hans, og mundu ræna þar en
flytja burt Þrúði systur sína, sem foringi
þeirra Surtur hefði beðið en verið synjað
ráðsins ætlaði nú að hefna sín á föður
þeirra systkina; hvað hann víkinga vera
12 saman og væru þeir allir hraustir menn
en sjálfur hvaðst hann einungis hafa
8 menn fyrir utan sig. Gékk eg nú með
Þórarni til hans manna voru það
alt saman að sjá vasklegir menn
og vel búnir að her tygjum sem foringi
þeirra. Að stundu liðinni komu
víkingar ~~sa~~ en við sátum fyrir þeim
þeir höfðu auðsjáan lega ekki búist
við svo miklu mótspyrnu og hlupu

á hæli er að þeim sóttu tíu menn al
vopnaðir en ~~við~~ nú var ekki fyr frá horfið
en víkingar voru allir fallnir, vorum
vér þá allir særir en Þórarinn þó mest
en enginn hafði mist lífið í þessum
bardaga af hans mönnum. Þakkaði
hann mér nú liðveitsluna og særsætum
við síðan í fóstbræðra lag, þvínæst
helt eg heim með honum og spurði hann
um margt er mig fýsti að vita við
víkjandi þessu landi, hvaðst hann
vera fús að segja mér alt er mig fýsti að
vita um það, síðan hóf hann frá sögu
sína á þessa leið.

Land það er þið eruð nú komnir
til er geysi stórt eyland sem skipt er
niður í mörg smá ríkji er konungar
ráða fyrir. Norðaustan viðelfu þé er þú
sást við er við hittumst eru tvö ríki
all stór enda eru þau einna víðlendust
þó eiga konungar þeir er fyrir þessum
~~bardaga~~ ríkjum ráða einnig börð vestan þessar

en yfir þau lönd hafa þeir sett jarla
þessi tvö ríki nefnast Vindland og
Fralland.

Fyrir Vindlandi ræður Hein
rekur hinn rauði. Heinrekur er medal
madur á hæd en fremur þrekinn, hann
hefir rautt hár og skegg svo mikið að það
hylur alt brjóstið, en augun eru grá en þó
skarpleg og fjörleg. Hann er hversdagslega
glaður og prúð menni er hann, þó er hann
ekki frá vid að vera stoltur. Og Sterkt
madur er hann mestur af öllum herlend
um konungum enda er hann mestur og
ríkastur konungum sem eg þekki. Hann
er nu farinn að gjörast nokkuð gamladur
en þá er hann var yngri var hann bar-
daga madur mikill en ekki var hann
allra manna vopn fimastur og snarræð
astur og allir hlutir voru honum vel
gefnir. Heinrekur á fyrir drottningu
Þuríði dóttur Sterlaugs hins Sterka sem
þessar aður réd fyrir Vindlandi. Hann

eiga þau tvö barna sem þaut eru í
bernsku, þó eru sumir synir þeirra
nokkuð vaxnir.

Elstur af sonum Heinreks er Sterlaug-
ur Störluga þetta viður nefni hefir hann
af því hann vill undir sig leggja öll lönd
og fyrnist sér ekker um megn ad ad fram
kvæma. Hann er mad hár vexti, og hvat
legur er hann í allri framgöngu. Hann er dökk-
hærður og dökkeygur, nef svo stórt að vart mætti
hann nefinsvegna konungur verda eptir
födur sinn, og yfir höfud er madurinn
svip mikill og ljótur. Hann er grimmur
vid þá er gjöra honum á móti og svo
er hann öfund sjúkur og ylgjarn að
ekki getur hann litið nokkurn
mann réttu auga. Hann er bardaga
madur mikill, en kænn er hann
mikil burtreidar madur hann á hest
sem er fer jafn yfir lög og láð eitt sinn
réd Sterlaugur honum til Englands
og hann sætti gulltaflid gáði í haug

Þórla berserks og vann drauginn en tók af honum her tygjihans og berhans síðan
gafnar síðan og þykkja gjörsinni. Hann er landsmaður og maður
er drykkju maður svo mikill að lítt munu
þeir duga til að drekka á móti honum.

Annar sonur Hinriks er er Böðvar
hvíti hann er maður fríður í andliti bjart
er yfirlitum ljós hárður en dökkeygur. hann
er smár vexti enda gefur hann sig ekki
við hernaðar í þrótt heldur situr hann
heima í höllinni og við bóka lestur og
tafli við konur á gull taflið Stúrlungs. Hvers
dagslega er hann gæfur og hægláturi; hann var
2 vetur utan með Sturl bróður sínum stunda
ði hann þá bóklegvísindi, t en Sturl. æfði
vopna burð og var að leikum með hirð mönnum
Sverrirskonungs frænda síns í Danmörku
Böðvar er maður margfróður og spakur að
viti, en dulur er hann í skapi og sagður
er hann góldróttur.

Þriðji sonur Hinriks er Hrólfur
sterki. hann maður fagur lega skapaður
hann er bjartur á hörund sem mar ens
skolað hár og dökk augu. Hann hefir djarfmann
legt upp lit. Hrólfur er stór vexti herðabreið-
ur réttvaxinn, og vöxturinn allur karlmann
legur og hraustlegur. Hann er land varnar
maður föður síns með Sturlaugi bróður sínum
Að skap ferli líkist hann mjög Sturl. en
báðir líkast þeir móður frændum sínum
Hrólfur er bardaga maður mikill, og svo hraustur
að hann er afbragð allra sinna jafn aldra
hann er nú að eins 16 vetra. Hann er maður
svo á gjarn að alla hluti vill hann eignast og fær
ekki þótt hann hætti mjög lífi sínu og manna
sinna til að ná því. Framhald.

## Um Nýju öldina

Nú upp rennur ný og fögur öldin
nægi lega blíð sem vetrar stund;
hún situr hvít og silfurfögur tjöldin
sem hún fær oss og gull í mund.
Hún heilsar öllum hægt og virðuglega
hátt og lágt í kofa jafnt sem í höll
hún stöðvar tár og strikur burtu trega
stríður gamal menni og börnin öll

2. Hún fer yfir lög og látið bjarta
og líf og ~~teif~~ frelsi hún býður öllum
og allir gleðjast innst í sínum hjarta [hvern]
og öld þeir fagna helgum meður hraun.
Já allir taka frelsi lífi og fjöri
með fegins ópi og hefja gleðdámsöng
og segla djarft á sjálfsæðinnar knöri
og setja merkis fánanhæðist á stöng

## Um gömluöldina

3. En gamlaöldinn grá af elli og bótin
glöp af harmi jarðar fellur til
hún burtu snýr með bjástrið gegnum skot [lið]
blásvört hel vill henni gjöra skil.
Hér alt er hverfult öldin jafnt sem [dagur]
ár sem vika og lítil klukkustund
alla menn og unglingurinn fagur
argur dauði spennir helgar mund

Jaguá

# Meðferð á fé

Það munu margir segja að
eg hafi lítið vit á hvernig með-
höndla skuli féi en þó vil eg segja
meininguna mína í þessu tilliti.
En eins og aðrar greinar mínar
sem eg hefi skrifað í Tjallfara
verður þessi að líkindum bæði
ófullkomin og ómerkileg, þess
vegna vil eg biðja lesendurnar
að taka viljan fyrir verkið, því eg
er yngstur og fáfróðastur allra
þeirra sem í sveitarblaðsfélaginu
eru, og vonast eg því til að
það verði ekki skopast að hennin
þó margt sé að henni að finna.
Það verður hver að gá að því að
enginn tekur meira en til er
og enginn getur heldur heimtað
meira, og það gjörir Tjallfari heldur
ekki.

Eg vil fyrst byrja á því hvaða ófrelsi bændur eru bundnir með að bera í fé. Það var lengst, sem bændur báru í tóbakssósu og reyndist sú aðferð vel, og fjárkláði var þá ekki meiri í landinu en nú er. Fyrir þremur árum var sem kunnugt er aftekið með öllu að bera tóbakssósu lengur í fé, heldur var sú skipun út gefin til almennings að baða skyldi hverja kind upp úr útlendu ídýfubaði svo sem kreólíni, karbólsýru, og eða glyceríni. Þessari lögskipun urðu bændur að hlýða, því baðmanr stjórinn var sendur um bæina til þess að sjá um að í engu væri vikið frá fyrirmælum hennar. Þar á ofan varð að gjalda baðstjóranum þessum 2 kr. á dag fyrir starfa sinn, er tekið var af almanna fé, og með því aukin útgjöld bændanna.

Auðvitað hefði nú þetta allt verið gott og ágætt ef bað þetta hefði þá reynst reglulega ótvílug vörn við kláðanum, en það er nú því miður öðru nær, því það segja margir bændur að þeim hafi ekki reynst þetta kostnaðarsama og dýra bað í nokkru betra en tóbakssósan gamla.

Það hefði auðvitað verið gott að maður hefði verið sendur um bæi til þess að sjá um að baðið væri í á hentugum tíma, en ekki annað en tóbakssósa, því svo mikið er þó víst, að mörg skepnan hefir misst lífið fyrir baðið. Það væri nauðsynlegra að setja strangari lög með horfelli á skepnunum en er, það ætti vera einber fangelsissök ef uppvíst yrði, að nokkur drepi skepnur úr hor-

það er auðsjáanlega óþarfi að
vera að „setja á“ hjá bændum, því
þeir eiga að gjöra það sjálfir, en þó
má það vel vera að skaðið sé í
hreppunum af því skotunum ætti
þá að fara fram fyrir ekki neitt.
Það þarf ekki að lýsa því, hvernig
manni ætti að vera það auðskilið
hvernig kvalir skepnan þarf að þola
þegar hún vegna fóðurskorts þarf
að leggja öll hold sín til lífsviður-
haldsins, þangað til þau loks eru þrot-
in og dauðinn gengur í garð.
Þegar kindurnar ganga horað-
ar undan vetrinum hefir bónd-
inn ekki hálft gagn af þeim í
samanburði við það sem hann
hefir ef féð er feitt. Þar skeiða þó
mannsberar úr ullinni, hún er
sundurlaus, og sauðfitulaus og þar
af leiðandi léttari í vigtinni. Lamb-
in eru lítil og horuð, annað fæð-
ast ekki, og kárka kemst því í þau.

og þau verða aldrei væn nema þau
séu alin vetrinum eptir (lambsvet-
urinn). Þegar gefa þarf lömbunum
á vorinn, þarf að gjöra það opt en lít-
ið í einu, og bezt er að brúka til þess
gjörna eða að öðrum kosti eptir mjólk.
Það munu sumir segja að það sé
smjörskaði; en þeir sem ekki tíma
að leggja svo mikið í kostnaðinn
ættu þá að hafa ær sínar í því
lagi að þær gætu fætt.
Sem betur fer er horfellir og yfir
höfuð ill meðferð á skepnum stöð-
ugt að fara minnkandi. Fyr á tím-
um voru menn svo miskunnar-
lausir að beita fé sínu að þeir slátru
yfir því og það fékk ekki að fara
heim hvernig sem veður var fyr
en ~~hjásetumanni~~ hjástöðumanninum sýndist. Þó mun
mega finna þá bændur enn sem
misjafnlega meðhöndla fé sitt og
skepnur sínar yfir höfuð. — Á hvergi

vori er varað við illri meðferð á skepnum, en það er útlit fyrir að það verði ekki mosavaxið í hugskoti áheyranda því þá mundu þeir bæta meðferð á skepnum sínum. Einnig er á vorin á manntalsþingum spurt eftir horfelli á skepnum, en þeir sem fyrir svörunum verða segja þá náttúrlega það sem þeim þykir bezt við eiga. Allir ættu að salta hey sín, því það er að mínu áliti mjög gott að mörgu leyti. Þegar féð er farið að venjast við það étur það heyið mikið betur þó það sé vont og það hefi eg sjálfur reynt. En ef heyið er saltað þarf féð líka mikið meira að drekka, og er þá bezt að láta stampa standa hjá þeim með vatni í. Einkum þegar jörð er mödd og hætt er við bráðapest er nauðsynlegt að salta heyin, og láta standa vatn hjá þeim, og álít eg það talsverða vörn við bráðapest.

Þ. B.

# Vinnumennska og lausamennska

Það er tilgangur lína þessara að láta í ljósi álit mitt á þessum tveimur stöðum, hvorri fyrir sig.

Fyrst er þá að nefna vinnumennskuna. Það er álit mitt að sú staða sé bæði óarðberandi, og mjög mikið ófrelsi undirorpin, því hver sá maður sem er í þessari stöðu, hann er öðrum undirgefinn að öllu leyti og ófrjáls jafnvel á öllum helgidögum. Hann má ekki gjöra nokkurt vik fyrir <u>sig</u> nema fara fyrst til húsbónda síns og biðja hann lofa sér að gjöra það, eins og barn sem biður foreldra sína. Hann á það þá

undir von, hvort þeim heiðraða
húsbónda þóknast að uppfylla
ósk hans eða gefa algjört afsvar.
Fái hann nú ekki bænheyrzlu þá verð-
ur hann að snauta burtu, og hætta
við fyrirætlan sína, og halda áfram
að vinna fyrir sínum umsamda
kaupi, hvort sem það er hærra eða lægra.

Eins og kunnugt er þá er meðal-
kallmannskaup yfir árið 120 krónur
þegar maðurinn er búinn að fá það
af fötum sem hann þarf til þess
að hafa vel til skiptis, þá er hann þeg-
ar búinn að eyða allmiklu af kaup-
inu, því menn sem ganga til al-
var vinnu slíta miklu af fötum
árlega.

Vér skulum hugsa okkur mann
sem á t.d. 6 ær, og 4 geml. og gera að
hann þurfi að kaupa fóður handa
þessum tíu kindum yfir veturinn
á 4 kr. fyrir hverja kind eða 40 krónur alls.

Setjum einnig svo að hann eigi hest
sem hann vill láta eiga gott á
vetrinum en ekki ganga úti. Mundi
það kosta hann í það minnsta 20 kr
og þyrfti hann ekki að gefa honum
langan tíma af vetrinum til þess
að eyða því ef hann léti hann eiga
vel gott. Fer þá að skerðast 120 krónu
árskaup hans þó hátt sé kallað.

Nú skulum vér hugsa oss annan
mann á sama aldri, með sömu
heilsu og sömu hæfileikum bæði andl-
legum og líkaml., en setjum svo að
hann sé lausamaður. Hann er í
kaupavinnu á sumrinu og hefir
uppúr því 120 kr. fyrir utan vorið,
haustið og veturinn. Á vorin er
hann í daglaunavinnu, og hefir
40-60 krónur uppúr vorinu. Á
haustinu rær hann til fiskjar, og
hefir t.d. 30 kr. upp úr haustinu. Eftir
veturinn kemur hann sér fyrir
við fjárhirðingu, og vinnur með því fyrir

fæti, húsnæði, þjónustu, og svo sem 10 kr. þóknun fyrir skarfa sinn að auk. Eg tala ekki um ef hann væri svo vel að sér að hann gæti gefið sig við barnakenslu að vetrinum og hefði á þann hátt 4-6 kr um mánuðinn auk fæðisins; skyldi ekki þessi maður hafa meira afgangs eptir árið. þar sem hann á ársgreindann hátt getur unnið fyrir 240 kr. Á þennan hátt finnst mér fengin ástæðan fyrir því að menn vilja heldur ráða sér sjálfir. Auðvitað að getur hin ofmanaritaða áællum, ekki att við óráðsmenn eða óreglumenn, bæði vegna þess að þeir hafa opt ekki neinn áhuga á því að fá sér vinnu, og svo vegna hins að þeir sóa út hverjum eyri sem þeir komast yfir. það er bezt fyrir þá menn, að vera annars hjú, og láta aðra ráða fyrir sér því þeir kunna ekki að brúka frelsið hins be...

Vitanlega getur farið svo að lausamaðurinn hafi ekki meira uppúr tímanum en vinnumaðurinn t. d. með því móti að afli bregðist, og taki fyrir aðra atvinnuvegi af ófyrirsjáanlegum orsökum.

S. B.

## Gamall drykkjumaður

1. Haust var komið hrím á jörðu,
hálfur máni óð í skýjum
rökkur byrgði haf og hauður
horfin burt var dagsins skíma
2. Hljótt var alt og hljómur engin
heyrðist að eins báru kliður;
var sem ríkti öllu yfir
unaðs fögur kyrð og friður
3. Klettur lítill stóð á ströndu
situr uppi við hann gamall maður,
grár á hár og herða lotinn
hátt hann stundi og þannig mælti
4. Hvílir alt í helgum friði,
hvíldir náttur yfir farið.

hallast eg að hörðum steini,
hver vill kjörum við mig skifta.

5. Hvar skal eg mér hvíldar leita
hér er hvergi ró að finna
lít eg ef fyr liðnar stundir
lifði eg forðum sælli daga.

6. Auðlegð virðing völd og virðing
var mér gefin alter tapað,
stend eg einn í straumi lífsins
styður vinar hönd mig engin

7. Heimur að mér hnútum kastar
hvergi neitt er griða staður
aðeins þor eg eptir þrái vanti
innan skamms mig gröfin hylji

8. Hvíld sem margur þreyttur þráði
þá að lokum hefi eg fengið.
enginn geymir minning mína
mun eg öllum verða gleymdur

Huld

Skrítla

Presturinn: Hvernin heldur þú sunnudagg
inn heilagann drengur minn.
Drengurinn: Þá þvæ eg mér um hálsinn